

FJARDAR

20 ára

posturinn

7. tbl. 23. árg. 2004
Fimmtudagur 19. febrúar
Upplag 7.500 eintök. Dreift frítt í Hafnarfjöri



Prentsmiðjan Steinmark

> hönnun > umbrot
> prentun > hágæði
> hraði > hagstætt verð

Dalshrauni 24 • Sími 555 4855
Netfang: steinmark@steinmark.is



Höfum
opnað á ný
eftir bruna

Um
helgina:

Diskótek og
lifandi tónlist

Hljómsveitin Kúnt leikur

Opið frá 16-08

Mætum í fjörið!



Flatahrauni 5a
sími 555 0310

Jólaborpið fékk hvatningarverðlaunin

Í annað sinn sem Hafnarfjarðarbær fær eigin verðlaun

Hvatningarverðlaun ferðaþjónusturnar í Hafnarfjöri voru afhent sl. fimmtudag í Turminum en það var ferðamálanefnd Hafnarfjarðar sem fór af stað með þessi verðlaun. Upphaflega voru það nefndarmenn sem greiddu atkvæði um tilnefningar sem bárust en nú taka ferðaþjónustuaðilar einnig þátt í kosningunni.

Það var Símon Jón Jóhannsson, formaður menningar- og ferðamálanefndar sem afhenti verðlaunin sem að þessu sinni féllu í skaut Jólaborpsins sem Hafnarfjarðarbær stóð fyrir í desember. Jólaborpið þótti mjög gott og skemmtilegt innlegg í bæjarlífið fyrir jólin og var almennt ánægja með þorpið og það aukna líf í miðbænum sem varð



Ljóm.: Guðni Gíslason

Fulltrúar frá Bílaleigunni Atlas-Greidda, Hafnarborg, Hópbílum, Café Aroma, Íslandsvinum og Jólaborpinu.

með opnun þess. Anna Sigurborg Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs tók við verðlaununum en hún hafði mótað þessa hugmynd með sér við nám í Þýskalandi og lét hrinda henni í framkvæmd hér.

Verkefnisstjóri Jólaborpsins var Halldóra Björk Jónsdóttir.

Þetta er í annað sinn sem Hafnarfjörður fær eigin verðlaun en Byggðasafnið fékk verðlaunin fyrir tveimur árum síðan.



Ljóm.: Guðni Gíslason

Síðdegissólin og gufan af heitu malbiki sköpuðu skemmtilega ásýnd á Hringbrautina.

Samstarfi rift á röngum forsendum?

Túlka samstarfssamning misjanlega

Í umræðum um væntanlegt slit á samstarfi um Norðurbakka ehf. hafa ein af rökum meirihluta bæjarstjórnar verið að skv. samstarfssamningi um Norðurbakki sé Hafnarfjarðarbær skylt að útvega land á fyllingu annars staðar en vestan við hverfið þar sem þar reyndist ekki gerlegt að byggja á fyllingu.

Skv. 5. gr. samningsins kemur fram að Hafnarfjarðarbær skuli ráðast í uppfyllingu hafnarinnar vestan við hverfið og gera þar byggingarhæft allt að 25.000 m² land en þó ekki stærri en svo að kostnaður bæjarins við hvern viðbótarfermetra sé eigi hærra en 13.131 kr. á m².

Í 6. gr. samningsins segir: Miðað er við að heildarbyggingarland sem Norðurbakki ehf. hefur til ráðstöfunar verði um 60.000 m² og nýtingarhlutfallið verði 1 til 1,5.

Hvergi er að finna önnur ákvæði sem segja að Hafnarfjarðarbær skuli útvega land annars staðar, t.d. fyrir framan Fjarðargötuna eins og hugmyndir stjórnar Norðurbakka gerðu ráð fyrir.

Ljóst er því að það eru önnur rök sem liggja á bak við ákvörðun meirihlutans að slíta samstarfinu og kaupa hina út úr Norðurbakka.



markmið mitt

er að vera meira með börnunum

Með netbanka Íslandsbanka nýtir þú tíma þinn betur

ÍSLANDBANKI | Hvar sem þú ert



FJARÐAR pósturinn

Útgefandi: Keilir ehf.

Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is

Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason

Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is

Umbrot: Hönnunarhúsið, umbrot@fjardarposturinn.is

Prentun: Steinmark ehf. Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 1670-4169 – Vefútgáfa: ISSN 1670-4193

www.fjardarposturinn.is

Leiðarinn



Er ekki kominn tími til að Hafnarfjarðarbær fari að veita almennar viðurkenningar fyrir gott framlag til hinna ýmsu mála í bæjarfélaginu. Hvatningarverðlaun ferðamálanefndar sem fer brátt í hringi, ekki síst þegar bærinn er farinn að veita sjálfum sér verðlaunin og var hálf brostlegt að sjá einn sviðsstjóra bæjarins og bæjarstjóra standa í litlum hópi tilnefndra. Hvers vegna var upplýsingamiðstöð ferðamála ekki búin að fá verðlaunin?

Óskarsverðlaun atvinnulífsins mætti útfæra á margan hátt og gera úr því metnaðarfulla hátíð sem gæti verið hvatning fyrir atvinnulífið í bænum og endað með balli atvinnulífsins. Hvatningarverðlaun ferðamálanefndar var mjög gott framtak en hér í bæ þurfa menn að hugsa í stærra samhengi. Sama á við um viðurkenningarhátíð íþróttanna. Hvar eru sams konar háttir fyrir t.d. æskulýðs- og tómsundastarfið? Ráð og nefndir bæjarins mega ekki gleyma því að þær eru að vinna fyrir eitt og sama bæjarfélagið.

Guðni Gíslason

Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 22. febrúar

Barnaguðspjónusta kl. 11

Skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna.

Guðspjónusta kl. 14

Kór Víðistaðasóknar
undir stjórn Úlriks Ólasonar

Kyrrðarstundir á miðvikudögum kl. 12.
Súpa og brauð í safnaðarheimilinu á eftir.

Foreldrastundir

(sbr. mömmumorgnar) fimmtudaga kl. 13
Námskeið fyrir foreldra um rétta notkun bílstóla og öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum 19. febrúar.
Snyrtisérfræðingur kemur í heimsókn 26. febrúar.

Vinir í Víðistaðakirkju

Dagskrá fyrir börn í 1. og 2. bekk
dagana 26.-27. febrúar nk. kl. 9-12
þegar vetrarfrí er í skólum Víðistaðasóknar.
Skráning í sínum 565 2050 og 565 2051
og á vidistadakirkja@vidistadakirkja.is
Sjá nánar á www.vidistadakirkja.is

Allir velkomnir
Sóknarprestur

www.vidistadakirkja.is



Menning & mannlíf

Kryddað að hætti ítala

Fimmtudaginn 19. febrúar verða haldnir hádegisónleikar í Hafnarborg og að þessu sinni er það Aðalheiður Elin Pétursdóttir mezzosópran sem syngur blóðheitar ítalskar aríur og ljóð. Aðalheiður, sem er úr Hafnarfirði, er m.a. menntuð í söng á Ítalíu þar sem hún bjó í mörg ár. Listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegisónleikanna er Antonia Hevesi. Aðgangur á hádegisónleika Hafnarborgar er ókeypis.

Gamlir hjálparsevitarmenn hittast í kvöld

HM-klubburinn er félagskapur gamalla félaga Hjálparseitar skáta í Hafnarfirði og hittast einu sinni í mánuði. Í kvöld, fimmtudag kl. 20.30 verður opinn fundur í húskynnum Björgunarsveitar Hafnarfjarðar (gamla slökkvistöðin) þar sem saga sveitarinnar verður rakin í máli og myndum, frá upphafi til sam- einingar við Björgunarsveit Fiskakletts. Allir fyrrum félagar sveitarinnar eru velkomnir. Boðið verður upp á kaffi- veitingar.

Málverkasýning á Hrafnistu

Í dag kl. 13.30 verður opnuð sýning Ellenar Bjarnadóttur sem er fædd 23. sept. 1918 í Reykjavík. Hún hefur alla tíð haft gaman að af mála en fyrir fjórum árum byrjaði hún í málun hjá félagsstarfi aldraðra í Garðabæ og undir handleiðu Grétu Haakonsen lærði hún að nota akrillíti.

Sýningin er í menningarsalnum á Hrafnistu Hafnarfirði og stendur sýningin til 16. mars.

Veistu hvað barnið þitt er að gera á Netinu?

Fræðslufundur í Áslandsskóla um örugga netnotkun barna

Fræðslufundur um örugga netnotkun barna verður haldinn í Áslandsskóla þriðjudaginn 24. febrúar kl. 19.30. Á fundinum kynni Sigurþór Gunnlaugs- son, verkefnisstjóri SAFT verkefnisins, niðurstöður SAFT könnunar um netnotkun barna og þekkingu og viðhorf foreldra til netnotkunar barna sinna. Nemendur úr Hagaskóla, þær Andrea Karlsdóttir, Ásgerður Snævarr og Dóra Sif Ingadóttir munu einnig kynna niðurstöður könnunar sem þær gerðu meðal skólafélaga um meiyörði á spjallrásum og Jón Páll Hallgrímsson ráðgjafi hjá Regnbogabörnum mun ræða áhrif meiyörða á börn.

Fundurinn er ætlaður foreldrum, börnum í unglingadeildum, kennurum og öðru áhugafólki um uppeldi og málefni fjölskyldunnar. Heitt verður á könnunni. Foreldrafélag og foreldraráð Áslandsskóla stendur fyrir fundinum.

Frumnýning í Bæjarbíói

Á laugardag kl. 16 sýnir Kvíkmynda- safn Íslands seinni sýningu heimildar- kvikmyndarinnar „Á sjó“ eftir Sigurð Sverri Pálsson.

Að henni lokinni verður sýnd heimildar- mynd Erlendar Sveinssonar, „Íslands þýsund ár“. Þetta eru tvær sýningar sem áhugavert er að sjá og bera saman mismunandi tíma.

Þriðjudaginn 24. febrúar kl. 20 verður sýnd barna- og fjölskyldumyndin „Jón Oddur og Jón Bjarni“ eftir Þráinn Bertelsson.

Grannasöngur á laugardag

Karлакór Keflavíkur og Þrestir syngja saman í Víðistaðakirkju



Karлакór Keflavíkur tilbúnir að koma til Hafnarfjarðar.

Á laugardaginn halda Karлакór Keflavíkur og Karлакórinn Þrestir sameiginlega tónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði kl. 16.

Karлакór Keflavíkur og Þrestir hafa löngum verið í góðri sam- vinnu í gegnum árin, nú síðast þegar Þrestir heimsóttu þessa ná- granna Hafnirfjörðinga á 50 ára af- mæli Karлакórs Keflavíkur í fyrra. Tónleikarnir eru ekki síst til að minnst söngferðar Þrasta og Karлакórs Keflavíkur um Suðurland 1974, þegar hringvegurinn var vígður með opnun Skeiðarár- brúanna og kórarnir sungu á tón- leikum allt austur til Hornafjarðar.

Söngmenn Karлакórs Kefla- víkur eru af öllum Suðurnesjun- um og heldur kórinn m.a. vor- tónleika sína í Grindavík. Karla- kór Keflavíkur hélt síðast tón- leika í Hafnarfirði árið 2000.

Stjórnandi Karлакórs Kefla- víkur er Vilberg Viggósson og syngur formaður kórsins Steinn Erlingsson einsöng. Píanóundir- leik annast Ester Ólafsdóttir, en Ásgeir Gunnarsson spilar á harmonikku og Þórólfur Þórsson á bassa í nokkrum laganna.

Stjórnandi Þrastanna er Jón Kristinn Cortez.

Úr fondorgerðum...

Bæjarráð:

7. Jarðlind Mál nr. BR040061

Lagt fram bréf frá Hitaveitu Suðurnesja hf. er varðar Jarðlind ehf. Þar kemur fram að á stjórn- arfundi Hitaveitu Suðurnesja hf. þann 23. janúar sl. var samþykkt tillaga, með fyrirvara um samþykki aðalfundar félagsins, um að HS hf. gerði Kópavogsbæ, Hafnar- fjarðarbæ og Bessastaðahreppi tilboð í hlutabréf þeirra í Jarðlind ehf. Þannig að fyrir bréfin yrði greitt með hlutabréfum í HS hf. Gengi bréfanna yrði þannig reikn- að, að fyrir hvern 1 að nafnvirði í Jarðlind ehf. fengist 0,8 í HS hf.

Bæjarráð leggur til að bæjar- stjórn samþykki tillöguna fyrir sitt leyti.

Vel miðar hjá Atlantsolíu

Vel gengur með framkvæmdir við nýja bensínstöð Atlantsolíu. Steypuvinnu er að mestu lokið og búið að setja niður tanka, leggja pípur og ganga frá olíuskiplum. Reiknað er með að stöðin opni um mánaðarmótin mars-apríl.

Breytingar á skipulagi

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 13. janúar sl. að auglýsa til kynningar 2 nýjar tillögur að deiliskipulagi í samræmi við 25. gr. og 4 tillögur að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 26 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

1. Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir „Reykjanesbraut“
 2. Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir „Kaplakrika, íþróttasvæði FH“
 3. Tillaga að breytingu á deili- skipulagi „Áslands 1. afanga“
 4. Tillaga að breytingu á deiliskipu- lagi „Selbergs íbúðarsvæðis“
 5. Tillaga að breytingu á deiliskipu- lagi „Hvamma íbúðarsvæðis“
 6. Tillaga að breytingu á deiliskipu- lagi „Hörðuvalla Reykdalsreits“
- Tillögurnar eru til sýnis í Þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar.

Yfirlýsing frá FH

Aðalstjórn FH fagnar því að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi nýverið samþykkt nýtt deili- skipulag að íþróttasvæði FH í Kaplakrika, skipulag sem er í samræmi við óskir FH. Þessi samþykkt og síðan endanleg staðfesting deiliskipulagsins að afloknum umsagnarfesti, mun skjóta stöðum undir kraftmikla uppbyggingu Kaplakrika og að unnt verði að ráðast í brýna mannvirkjagerð í góðu samstarfi bæjaryfirvalda og FH, eins og áætlanir eru uppi um.

Aðalstjórn FH

Fjarðarposturinn spyr!

Finnst þér rétt af AETH að hanna hjómsveitinni Minus að spila á grunnskólahátíðinni?



Einar Birgir:
Mér finnst það jákvætt.



Kristján Guðnason:
Alls ekki samgjarn, orðrómur er bara orðrómur.



Málfríður María Linnét:
Mér finnst það ótækt, þetta eru bara persónunjósnið.



Jóna Björnsdóttir:
Mér finnst það flott hjá þeim.



Bjarni Ingvarsson:
Mér finnst það bara allt í lagi.

Unnið af Ingvari Linnét og Smára Guðnasyni

Foreldrarölt í Hafnarfirði

Aðgerðaleysi getur verið hættulegt

Mikil umræða hefur átt sér stað í þjóðfélaginu um frelsi, aldurstakmörk, áfengisauklýsingar, glæpi. Ljóst er að skynsamleg lagsetning á að setja nokkurskonar ramma um það hvað okkur þykir eðlilegt hverju sinni. Það eru hinsvegar viðhorf foreldra sem uppalenda sem kannski mótar börn mest og getum við því haft áhrif á að viðhorf þeirra séu byggð á skynsemi og réttum upplýsingum.



Geir Bjarnason
forvarnafulltrúi

Hvernig öðlast foreldrar þekkingu á heiminum í dag? Það hefur margt breyst síðan foreldrar voru unglingar og því nauðsynlegt að uppalundur séu stöðugt að bæta við sig þekkingu í takt við breytta tíma. Foreldrarölt er góður vettvangur fyrir foreldra til að öðlast þekkingu á umhverfi sínu og barna sinna. Hvaða áhrif getur þetta starf haft:

- Minnkað ölvun unglinga. Því yngri sem unglingar eru þeg-

ar þeir hefja neyslu áfengis því alvarlegri eru vandamálin sem henni fylgja þegar fram í sækir.

- Minnkað ólöglega útiveru ungs fólks.
- Að foreldrar fái réttar upplýsingar um hverfið sitt.
- Gerir hverfin að öruggum stöðum.
- Foreldra kynast unga fólkinu betur og reyna að finna sameiginlegar leiðir til að koma til móts við þarfir og óskir foreldra og unglinga.
- Samtakamáttur foreldra eykta að fóta sig í hverfinu.

Nú er foreldrarölt starfrækt í tveimur skólum, Setbergs- og Öldutúnsskóla. Þar skiptast foreldrar á að taka þátt hverju sinni. Fulltrúar foreldra úr hverjum bakk fara kannski einu sinni á vetri út og ganga um hverfið sitt. Þetta virkar vel.

Börnin okkar eru í hættu og við henni verðum við að bregðast. Ein leiðin er að taka þátt í foreldrarölti.

Á ég að gæta bróður míns?

Margir foreldrar hugsa sem svo: Barnið mitt er ekki úti á kvöldin. Ég sé um minn unglíng og af hverju ætti ég að vera að eyða tíma mínum í að passa annarra manna börn?

Við þessu er einfalt svar:

Með því hefur þú áhrif á það félagslega umhverfi sem þú og barnið þitt býr við. Því færi sem nota vímuefni, eru lagðir í einelti eða beittir ofbeldi af öðru tagi, því betra og öruggara er það umhverfi sem unglíngurinn þinn býr við. Við berum öll ábyrgð á okkar nánasta umhverfi, hættum þess og hvar unglíngar geta haft athvarf til neyslu óæskilegra efna og hópamyndunar. Af vef Heimilis og skóla

Hellnabraunið lokað tímabundið

Hellnabraun verður lokað við Krýsuvíkurveg frá miðvikudeginum 18. febrúar til mánudagsins 23. febrúar n.k. Lokunin er vegna vinnu við Ásbraut, í tengslum við gatnagerð í 2. áfanga á Völlum. Reiknað er með að vinnan taki fimm daga og er aðkoma í iðnaðarhverfið á meðan eingöngu frá Reykjanessbraut.

Slippurinn seldur

Sjólaskip hafa keypt Drafnar-slippinn af Vélmiðju Orms og Víglundar á 80 millj. kr. Að sögn Guðmundar Jónssonar framkvæmdastjóra Sjólaskipa verður þarna óbreytt starfsemi um sinn og óvíst hvað verður í framtíðinni. Hugmyndir hafa komið fram um íbúðabyggingu en Sjólaskip eiga einnig gamla Íshúsið og lóð sunnan við það.

Magnús minnkar við sig

Steinunn Guðnadóttir áberandi í forystu Sjálfstæðisflokksins

Magnús Gunnarsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins og fv. bæjarstjóri virðist vera að draga úr umsvifum sínum í ráðum og nefndum. Hann hættnir í skipulags- og byggingarráði þar sem Steinunn Guðnadóttir tekur við, í almannavarnarnefnd þar sem Bergur Már Sigurðsson tekur við, í undirbúningshóp umferðamála þar sem Sigurður Þorvarðarson tekur við, í starfshóp um umferðarmál þar sem Sigurður Þorvarðarson tekur við, í starfshóp um hunda- og kattahald þar sem Magnús Sigurðsson tekur við. Hann fer hins vegar í stjórn Vatnsveitunnar í stað Haraldar Þórs Ólasonar

Steinunn Guðnadóttir fer í skipulags- og byggingarráð eins

og áður segir, í starfshóp um gatnanöfn í stað Sigurðar Þorvarðarsonar, í starfshóp um skipulagsmál eins og áður segir er fyrir er hún í þjónustu- og þróunarráði, í stjórn Fráveitu auk þess sem hún er varamaður í bæjarráði.

Haraldur Þór Ólason fer síðan í fræðsluráð í stað Vilborgar Gunnarsdóttur.

Bæjarstjórn hefur þegar samþykkt þessa skipan.

Er Steinunn Guðnadóttir var spurð að því hvort þetta gæfi einhver merki um hugsanlega breytingu í forystusveit Sjálfstæðisflokksins sagði hún svo ekki vera, þetta væru bara eðlilegar breytingar.

Skoðanakönnunin

www.fjardarposturinn.is

Öskudags-skemmtun

Kötturinn sleginn úr tunnunum

Íþrótt- og tómsbundanefnd Hafnarfjarðar verður með Öskudagsball í Íþróttahúsinu við Strandgötu, á öskudaginn, miðvikudaginn 25. febrúar frá kl. 13 til 15.

Skemmtunin hefst á því að kötturinn verður sleginn úr tunnunni. Tunnurnar verða 3, ein fyrir 10 ára og eldri, ein fyrir 6-9 ára og sú þriðja fyrir 5 ára og yngri.

Andri Bachman og Ruth Reginalds ásamt hljómsveitinni Stefnunót halda uppi fjörinu. Jógi trúður mætir.

Verðlaun verða veitt fyrir skemmtilegustu búningana svo það er um að gera að koma í sem frumlegasta búningnum. Aðgangur er ókeypis.



FJÖRUGRÁIN

Fjaran

Bjóðum upp á spennandi matseðil í glæsilegu umhverfi í einu elsta húsi bæjarins.

Fjörugarðurinn

Munið þorramatinn verð aðeins 3.900,-

Víkingasveitin leikur fyrir matargesti. Dansleikur allar helgar.

Um helgina:

Hilmar Sverrisson Már Elísson og félagar leika á Fjörugráni á laugardag kl. 23-03.

NLP námskeið í Strandbergi

Lífið, trú & heilsa í nútíð og framtíð er yfirskrift fyrirlestra og námskeiða sem hefjast nú í lok febrúarmánaðar í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Þar hefur verið boðið upp á margvísleg erindi og námskeið undanfaran ár og tekið mið af þörfum nútímafólks fyrir leiðsögn og aðhlyningu og horft til þess að helgihald og fræðslustarf á trúargrunni sé farvegur endur-

nýjandi lífskrafta. Katrín Erla Kjartansdóttir leiðbeinandi/ráðgjafi „NLP Master“ annast þessi námskeið.

Námskeiðin fela í sér aðferðir og tækni sem reynst hafa afar vel í höndum fagfólks víða um heim. Svo nefnd NLP-fræði eiga sér rætur í geðfræði, sálfræði, atferlisfræði, dáleiðslu, boðnáms-tækni og fjölskylduráðgjöf, sem öll eiga það sameiginlegt að



vinna með undirvitundinni til jákvæðs meðvitæðs árangurs og lífsleikni. NLP er ört vaxandi grein hér á landi sem annars staðar og nýtur nú mikillar virðingar á Norðurlöndum og víðar í álfunni.

Kynningarfyrirlestur fer fram á undan hverju námskeiði og gefst þá tækifæri til að ákvarða þátttöku á námskeiði.

Fyrsti kynningarfyrirlesturinn verður í Strandbergi á sunnudagskvöldið kl. 20 undir yfirskriftinni „Persónuleg hæfni,

ímyndunarafl og sjálfsmýnd.“ Námskeiðið sem honum fylgir hefur yfirskriftina "Hvernig vekur þú upp hæfileika þína, styrkir sjálfstraust og sjálfsmat" og fer fram á sama stað, hefst fimmtudag 26. febrúar kl. 19-22 og heldur áfram laugardaginn 28. feb. kl. 10-16.

Kynningarfyrirlesturinn er öll um opin en æskilegt er að tilkynna sig fyrirfram á námskeiðin hjá Katrínu í síma 862 4809 eða í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju í síma 555 1295.

Björn og Bergþóra í 3. sæti

Keptu á þremur mótum sömu helgi í Belgíu



Helgina 7. og 8. febrúar var haldið Heimsmeistaramót Seniora í sígildum samkvæmis-dönsum í Antwerpen í Belgíu. Í þessum flokki dansa 35 ára og eldri dansarar og dansaðir eru 5 dansar, enskur vals, tangó, vínarval, foxtrot og quickstep.

Frá Íslandi fóru tvö pör, þau Björn Sveinsson og Bergþóra M. Bergþórsdóttir frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar og Jón Eiríksson og Ragnhildur Sandholt frá Dansíþróttafélaginu Gulltoppi. Auk heimsmeistarámótsins var ætlunin að taka þátt í nokkrum öðrum alþjóðlegum keppnum, sem haldnar voru þessa helgi í Alpheusdal-höllinni, en keppt var í öllum aldursflokkum og voru mörg mjög glæsileg pör að dansa þarna báða dagana.

Bergþóra og Björn komust í 2. umferð í Senior II en náðu ekki inn í undanúrslit.

Fljótlega eftir milliriðilinn í Senior II hófst keppni á Heimsmeistaramótinu, en þar var 51

par mætt til leiks frá 28 löndum. Björn og Bergþóra dónsuðu milliriðil í HM en tókst ekki að komast í næstu umferð og þar með var þeirri keppni lokið.

Að Heimsmeistaramótin loknu var opin IDSF (alþjóða dansíþróttasambandið) keppni Senior I í sígildum dönsum. Þar voru ekki færri en 93 pör að keppa og er skemmt frá því að segja að hvorugt íslenska parið náði inn í næstu umferð, en þangað komust 48 pör.

Einnig var opin alþjóðleg keppni í flokki Senior II (+45 ára) í suður-amerískum dönsum og tóku bæði íslensku pörin þátt í þeirri keppni. Jón og Ragnhildur voru rétt við þröskuldinn að komast í 6 para úrslit en Björn og Bergþóra náðu að dansa sig inn í úrslitin og komust þar á pall og lentu í 3. sæti. 1. sætið fengu Þjóðverjar og Rússar 2. sætið. Það voru því ánægðir Íslendingar sem fóru heim á hótél um kvöldið með bikar í farteskinu.

Til fyrirmyndar

Iðnaðarhverfi geta líka verið snyrtileg



Iðnaðarhverfið við Kaplakrika hefur löngum þótt sóðalegt og er víða enn. Nýlega gerði Hafnarfjarðarbær gangstéttar og snyrti til götummyndina og þeim fjölgar sem vilja hafa snyrtilegt í kringum sig. Eitt þessara fyrirtækja er Pappír hf. á Kaplahrauni 13. Húsnæðið var eitt af ljótari hús-

um í bænum en nú er verið að ljúka við að klæða það að utan og stefnt er að því að ljúka lóðarframkvæmdum í sumari og eins og sjá má á myndinni er húsið orðið hið glæsilegasta.

Það er vonandi að fleiri sýni slíkan metnað og fegri umhverfi sitt í iðnaðarhverfum bæjarins.

Opnuðu heimasíðu með tilprifum

Regnbogabörn opnuðu nýja heimasíðu við Lækjaskóla

Það er ekki á hverjum degi sem heimasíða er vígð utanhúss í rigningarúða að viðstöddu miklu fjölmenn. Nýri síðu Regnbogabarna var varpað á einn af veggjum nýja Lækjarskóla að viðstöddum nemendum skólans og menntamálaráðherra sem vígði síðuna.

Síðunni er ætlað að vera hjálpartæki fyrir þá sem vinna að forvörnum hvers konar og vettvangur skoðanaskipta.

Haraldur skólastjóri Lækjarskóla og Þorgerður Katrín menntamálaráðherra t.v.



Ljós: Guðni Gíslason

Fjármálafræðsla í Flensborg

Sparisjóðurinn leggur til fyrirlesara í Lífsleikninámskeiði

Nemendur á fyrsta ári í Flensborg taka þátt í námskeiði sem heitir lífsleikni. Þar búa nemendur til eigin fjölskyldu sem þeir þurfa þá reka í eitt ár og er fjölskyldumynstrið mismunandi.

Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur komið að þessum námskeiðum og kíkta blaðamaður við í tíma þegar Arna Rut Hjartardóttir frá SPH kynnti nemendum bankaviðskipti, hugtök, möguleika og hættur sem felast í viðskiptum. Kennari bekkisins er Erla Ragnarsdóttir.

Fyrirlesturinn vakti fjölmargar spurningar eins og: Hvar eiga menn að búa ef húsið er tekið af þeim? Er hægt að fá frest á

afborgunum ef maður lendir í veseni? Er hægt að hafa t.d. 10-20 ábyrgðarmenn? Hvað gerist ef bankinn fer á hausinn?

Hafði Arna nóg að gera við að svar spurningum áhugasamra nemenda enda best að hafa fjármálin á hreinu.



Ljós: Guðni Gíslason

Opíð

allan sólarhringinn

LÖÐUR

Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellbæ,
Reykjavíkurvegi Haf.
og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bílaunnenda!

Löður: Bæjarlind og Reykjavíkurvegi · Sími 544 4540

NÝJAR PERUR

Tilboð í febrúar!

Þú kaupir 10 tíma kort í 3 mánuði og færð 2 tíma fría!

Stjörnusól
Fjarðargötu 17 • Sími 555 7272

Geimálfur í skóla bæjarins

Slysavarnarfélagið Landsbjörg gefur efni til slysavarna

Fulltrúar frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu gefa nú öllum skólum landsins námsefni handa 4. bekingum. Námsefnið er lífsleiknínámskeið sem fjallar um slys og slysavarnir. Efnið er byggt upp þannig að geimálfur brotlendir á Íslandi. Hann kemur frá mjög ólíkum menningarheimi og áttar sig því ekkert á þeim hættum sem steðja að honum úr ýmsum áttum. Börnin fylgjast með þessari þrautagöngu hans og vinna verkefni sem eru á ýmsum formi en að sjálfsgöðu er námsefnið þó tengt tölvuvinnu. Geimálfurinn kemur frá umhverfisvænu plánetunni Varslys og læðir því víða að góðum og umhverfisvænum ráðum til nemendanna.



Það voru fulltrúar úr Slysavarnardeildinni Hraunprýði sem afhentu fyrstu bækurnar í Lækjarskóla sl. fimmtudag og

kennaranum stuðningsefni fyrir kennara, möppu og DVD disk. Heimasíða geimálfursins er www.geimalfurinn.is

Lífsm.: Guðni Glásson

Svipmyndir frá afhendingu Hvatningarverðlauna



Jón Halldór Jónasson fékk þakkir fyrir störf sín sem ferðamálafultrúi



Anna Sigurborg Ólafsdóttir, sviðsstjóri tók við verðlaununum.



Rakel Leifsdóttir í 9. bekk Lækjarskóla söng frumsamíð lag

Lífsm.: Guðni Glásson

Gert við saltfiskreit

Starfsmenn á vegum bæjarins hafa undanfarna daga unnið á viðgerðum á saltfiskreitnum sem Einarreitur ber nafn sitt af. Farið var að hrynja úr hleðslunni á nokkrum stöðum en verið er að lagfæra þær skemmdir.

Jón Arnarson, íbúi á svæðinu tók þessa mynd og sendi blaðinu og eru honum færðar bestu þakkir fyrir.



Prentsmiðjan Steinmark
Dalshrauni 24 • Sími 555 4855 • Netfang: steinmark@steinmark.is

Öll prentun
stór og smá

STAFRÆN

INTERNET-Framköllun

- Þú tekur stafrænar myndir...
-Sækir Foto-Wire forritið á heimasíðu okkar.....
- ...og þú færð hágæða 10x15 ljósmyndir á 50 kr !

FILMUR & FRAMKÖLLUN
filmurogframkollun.is

Smáauglýsingar**Til leigu**

Snyrtileg og björt 2ja herbergja íbúð með sér inngangi til leigu nálægt miðbæ Hafnarfjarðar. Upplýsingar í s. 698 0867.

Húsnæði óskast

Hjón með tvö börn, óska eftir að leigja 2ja - 3ja herbergja íbúð frá og með 1. apríl 2004. Reyklaus. Uppl. í s. 698 4345.

Oskast

Ég er ung móðir sem er að fara að búa. Er einhver sem á notaða þvottavél sem er í lagi en vill losna við. Hringið í síma 698 3366

Til sölu

WV Golf, 2000 til sölu
Comfortline 1,4 cc. Ek. 171. þ., beinskriptur, silfurgrár 5 dyra á 16" álfelgum, dökkar rúður að aftan og fl. og fl. Ásett verð 1.100 þús. kr. Áhv. ca. 750 þ. Möguleg skipti á ódýrari. Uppl. í s. 691 0413

Tapað - fundið

Þrír lykjar á bláu spjaldi töpuðust 31. janúar sl. Finnandi vinsamlegast hafið samb. í s. 693 0498.

Blár leikfimisþoki (hægt að hengja á skólatösku) m/gulu ljóni framan á, tyndist miðvikudaginn 11. febrúar sl. á Ásvöllum. Inniheldur bláa íþróttaskó og rauða Manchester United trejju. Finnandi vinsamlegast hafi samband í s. 698 4345.

Pú getur sent smáauglýsingar á
auglysingar@fjardarposturinn.is
eða hringt í síma **565 3066**

Tölvuviðgerðir
uppfærslur - íhlutir
Tölvuþjónusta Hafnarfjarðar
www.rthor.is
símar 544 4950 • 849 2502

Breiðband - Loftnet

Gervihnattapjónusta og sala
Rafeindavirkjar.
Loftnet IJ ehf.
Sími 696 1991.

**Smá-
auglýsingar**
Aðeins 500 kr.

Sendið auglýsingarnar á
auglysingar@fjardarposturinn.is
eða í síma 565 3066 milli
kl. 9-12 og 13-17.

Hámark 25 orð. Aðeins til einstaklinga, ekki rekstraraðila

Tapað-fundið: **FRÍTT** -
Fæst gefins: **FRÍTT**

Fjarðarposturinn —
hafnirskur fyrir Hafnirföng
— allsstaðar!

Atvinnuhúsnæði

230 m², nýtt atvinnuhúsnæði í
Suðurhrauni/Molduhrauni til leigu

**Laust nú þegar**

Stór hurð, bjart húsnæði, hátt til lofts
Upplýsingar gefur í s. 699 2200

Atvinna

Starfsmaður óskast í 50% stöðu
í verslun Helly Hansen í Firði.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslun.
Upplýsingar veittar á staðnum eða í síma 555 7744.

**Enn hægt að sækja um styrk í Húsverndarsjóð**

Umsóknarfrestur um styrki til viðgerða og endurgerða á gömlum húsum í Hafnarfirði. hefur verið framlengdur til 23. febrúar. Hús sem sótt er um styrk fyrir þurfa að hafa sögulegt og/eða byggingarsögulegt varðveislugildi enda séu framkvæmdir í samræmi við upprunalegan byggingarstíl húss, sjónarmið minjavörslu og bæjarskipulag Hafnarfjarðar.

Hafnarfjörður statar af einstökum byggingararfi, stærstu samfelldu byggð bájárnsklaðdra timburhúsa og mörgum varðveisluverðum eldri húsum. Með úthlutun úr húsverndarsjóðnum er sérstök athygli húseigenda vakin á mikilvægi réttra vinnu-

bragða við endurgerð og viðgerðir á ytra byrði.

Umsækjendum er bent á að kynna sér samþykktir um Húsverndarsjóð Hafnarfjarðar og eyðublöð sem er að finna á www.hafnarfjorur.is (sjá menning og umsóknir) en einnig má nálgast eyðublöðin og samþykktina í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, í ráðhúsinu að Strandgötu 6.

Nánari upplýsingar veitir Karl Rúnar Þórsson hjá Bygðasafni Hafnarfjarðar í síma: 565 5420.

Umsóknir skal merkja:
Húsverndarsjóður 2004
Bygðasafn Hafnarfjarðar
Strandgötu 50, 220 Hfj.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a
Sími 565 5892

Allan sólarhringinn
utforin@utforin.is
www.utfararstofa.is



Sverrir



Bryndís



Baldur



Guðmundur

Til hamingju!

Til hamingju með
afmælið stóra systir

Bróðir og litla systir

**Aldursdreifing
Hafnirföng**

Þann 31. desember 2003 var
aldursskipting Hafnirföng
eftirfarandi:

Aldur	Fjöldi
0-5	2.028
6-15	3.709
16-19	1.245
20-29	3.063
30-39	3.199
40-49	3.101
50-59	2.183
60-69	1.225
70-79	905
80-89	433
90-99	96
100+	3
Samtals	21.190

Heimild: Hagstofan

Skoðanakönnunin

Á Hafnarfjörður að kaupa út hina hluthafana í Norðurbakka?

Já 63%
Nei 37%

Taktu þátt á www.fjardarposturinn.is

**AÐALFUNDUR FH**

Aðalfundur Fimleikafélags Hafnarfjarðar
verður haldinn fimmtudaginn **26. febrúar**
nk. kl. 20 í Kaplakrika (tengibyggingu)

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Aðalstjórn FH

**Andláts
tilkynningar**

Birting andlátstilkynninga er án endurgjalds og eru aðstandendur hvattir til að senda inn upplýsingar um andlát og jarðarfarir á:

ritstjorn@fjardarposturinn.is
Mynd má senda með eða koma með á ritstjórn að Bæjarhrauni 2.



Sveinn Pétursson
Hrafnistu
f. 6.8.1920 - d. 11.2.2004

verður jarðsönginn frá
Hafnarfjarðarkirkju
19. febrúar kl. 15

ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR

AÐSTOÐUM
VIÐ ALLA ÞÆTTI
ÚTFARAR

Flatahrauni 5 • 220 Hafnarfjörður • www.ikestar.is/utfararþjónusta • Fax: 565 5893
Sími: 565 9775 • Allan sólarhringinn

Aron Reynisson, formaður AÍH: Staða vélhjóla- íþróttar í Hafnarfirði Skammastu þín Hafnarfjörður!

Í Fjarðarpóstinum í síðastliðinni viku var birt nafnlaust lesendabréf með fyrisögninni „Skammastu þín Hafnarfjarðarbær“. Er þar teiknuð upp sú mynd af þeim sem stunda þessa íþrótt að þeir gangi um með yfirgangi og frekju, fremji stöðugt lögbrot, berji landeigendur, hótí embættismönnum og svo mætti lengi telja. Þetta var talsvert dökk mynd sem þarna var dregin upp og þar sem mér þótti þessi lýsing ekki passa við þá aðila sem ég þekki og stunda þessa íþrótt þótti mér rétt að setja nokkrar línur á blað til þess að skýra stöðu mála.

Ég ætla ekki að fara í þann sandkassaleik að svara þessu lesendabréfi efnislega þar sem það er birt nafnlaust. Ef viðkomandi aðili hefur eitthvað frekar um vélhjólaspport að segja ætla ég að vona að hann sé maður til þess að koma fram undir nafni í framtíðinni.

Uppgangur í vélhjólaspórti
Eins og almenningur hefur tekið eftir er vélhjólaspórt í miklum uppgangi og hefur verið svo um nokkurt skeið. Nú eru flutt inn til landsins um 250 ný torfæruhjól á hverju ári og eykst fjöldi keppenda í íþróttinni stöðugt og þeir verða stöðugt yngri. Má til gamans nefna að í keppni sem verður haldin á Kirkjubæjarklaustri í vor eru 300 keppendur nú þegar skráðir til leiks og komast færri að en vilja. Vélhjólafélagið er því orðnar fjölmennasta akstursíþróttin á Íslandi. Hafnirfjarðar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Staða íþróttarinnar hefur til lengri tíma verið erfið hér í bæ vegna aðstöðuleysis. Það hefur því lengi verið stærsti draumur okkar vélhjólakumanna að fá úthlutað landi undir vélhjólakstursbraut og höfum við meðal annars leitað í Hafnarfjarðarbæjar og Skógrættar Ríkisins með það erindi. Því miður hefur ekki enn tekist að verða við þeirri ósk okkar og er því íþróttin „á götunni“ í orðsins fyllstu merkingu.

Fær ekki aðild að ÍBH
Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH) var stofnað 1999 og telur vel á þriðja hundrað félagsmenn. Félagið sótti um inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) árið 2001, en það er forsenda þess að Hafnarfjarðarbær viðurkenni félagið til jafns við önnur íþróttafélög í

bænum. Þrátt fyrir að Kvartmiluklúbburinn væri þá þegar aðili að ÍBH og að annað Vélhjólafélag væri aðili að Íþróttahreyfingunni var umsókn okkar sett á bið á þeim forsendum að framtíð akstursíþróttarinnar væri í óvissu. Hafnarfjarðarbær hefur því getað skákað í skjóli þess að AÍH er ekki aðili að ÍBH og er því ekki aðili að þeim samningum sem bærinn gerir við íþróttahreyfinguna í bænum.

Félagsmiðtöð með forvarnargildi

En þrátt fyrir það hefur Hafnarfjarðarbær af myndarbrag rekið félagsmiðstöð fyrir unglunga sem hafa áhuga á vélhjólafélagi þar sem þeir geta stundað viðhald á ökutækjum sínum og fengið tilsögn reyndra manna. Forráðamenn bæjarins báru skynbragð á forvarnargildi þess að halda úti slíku starfi og hefur það verið vel sótt af unglungum í bænum. Það er því mikil þversögn í því að ekki skuli vera sköpuð aðstaða til aksturs torfæruhjóla í bænum þó ekki væri nema til bráðabirgða þar til að varanleg lausn fæst.

Þeir sem stunda þessa íþrótt hafa þó getað ekið á löglegum æfingasvæðum utanbæjar. Slík svæði hafa verið rekin á Selfossi, Ólafsvík, Vestmannaeyjum og víðar. En öll eru þessi svæði langt frá Hafnarfirði. Það kostar því talsverða fjármuni og það þarf aðgang að bíl til að koma sér þangað og verður íþróttin sem slík ekki stunduð á þeim forsendum. Þetta verður til þess að þeir sem stunda þessa íþrótt í Hafnarfirði aka í nágrenni bæjarins og þá kemur óhjákvæmilega til árekstra við aðra útivistarhópa.

Von um bættu aðstöðu

Það er trú okkar sem að AÍH standa að á árinu 2004 verði fundin lausn á aðstöðuleysi okkar í góðri samvinnu við bæjaryfirvöld og þar með bundinn endir á þetta vandræðaástand. Einnig höfum við trú á því að félagið fái loks inngöngu í ÍBH og hljóti sömu fyrirgreiðslu og viðurkenningu og önnur íþróttafélög í bænum. Þar með ætti að skapast rétt umhverfi fyrir íþróttina í bænum eða öllu heldur í nágrenni bæjarins og árekstrum iðkenda hennar við aðra hagsmunahópa og einstaklinga að fækka.

Yfirlýsing ritstjóra

Vegna umfjöllunar DV í framhaldi af birtingu nafnlauss bréfs og fréttar af motocross.is í Fjarðarpóstinum í síðustu viku vill ritstjóri Fjarðarpóstsins taka eftirfarandi fram:

Blaðamaður DV snýr málinu upp í andhverfu sína og birtir fullyrðingar sem ekki eiga við rök að styðjast. Hvorki hafi ritstjóri Fjarðarpóstsins fengið fjölmörg hótunarbref né óttast um öryggi sitt. Í óformlegu samtali við blaðamann DV (sem er Hafnirfjarðingur) var honum sagt frá tölvubréfi sem

blaðinu barst frá ungum reidum vélhjólamannti sem óskaði eftir afsökunarbeiðni en þar kom fram að vonast væri eftir skjótu svari svo að ekki þyrfti að koma til slúður sem gæti birst um aðstandendur Fjarðarpóstsins. Þessu var tekið sem ákveðinni hótun undir rós. Blaðamaður DV kaus hins vegar að setja þetta í þann stíl sem hentaði DV betur og leggur mönnum í munn ummæli sem ekki hafa verið sögð eða tekin úr samhengi.

Hey og drasl í óskilum

Bæjarlandið notað sem ruslahaugur!



Mikið hefur borið á því að heyafgönum, þá sennilega frá hestamönnum, sé hent einhvers staðar í bæjarlandin jafnvel með baggaplasti og böndum.

Fulltrúar Skógrættarfélagins sem hafa verið að hreinsa upp



Ljóm: Guðni Gíslason



magni. Af þessu skapist hætta á vorin og hafa verið dæmi um að kveikt hafi verið í heyi sem hafi valdið skaða á „landnemaspildum“.

Einnig hafa verið þó nokkur dæmi um hasspírur sem búnar hafa verið til úr gosflöskum.

Harmar greinaskrif

Gert ráð fyrir aksturssvæði

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs á þriðjudaginn var lagt fram bréf Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar dagsett 16.2.04 þar sem m.a. segir: „Harmar félagið að umsjónarmaður vefsvæðisins skuli hafa látið frá sér fara grein undir fyrisögninni „Skammastu þín, Hafnarfjarðarbær“ og vonar að það hafi ekki áhrif á framtíðarsamskipti félagsins og bæjaryfirvalda.“

Í fundargerð ráðsins kemur fram að Skipulags- og byggingarráð vilji, í ljósi umræðu um akstursíþróttir, taka fram að í yfirstandandi aðalskipulagsgerð sé gert ráð fyrir sérstöku svæði fyrir akstursíþróttir þar sem hvoru tveggja geta farið fram æfingar og keppni.

Vel heppnað Meistaramót

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum fór fram í Kaplakrika og Baldurshaga um helgina.

Iris Svavarsdóttir FH sigraði í hástökki er hún stökk 1.68 m en sömu hæð stökk Dagrún Inga Þorsteinsdóttir Ármanni. Óðinn Björn Þorsteinsson FH varð 2. í kúluvarpi og kastaði 15,55 m. Í langstökk án atrennu stökk Óðinn Björn Þorsteinsson FH



Ljóm: Guðni Gíslason

Íþróttir

Handboltinn Úrvalsdeild kvenna:

Fram - Haukar: 19-26
Úrvalsdeild karla:
Haukar - Grótta KR: 33-26
Breiðablik - FH:
1. deild karla:
Breiðablik - FH: 24-35

Körfubolti

Úrvalsdeild karla:
Breiðablik - Haukar: 70-74
Haukar - KR: 76-74
2. deild kvenna:

Næstu leikir

Handbolti kvenna
Lau. 21. feb. kl. 17, Ásvellir:
Haukar - Valur

Handbolti karla
Lau. 21. feb. kl. 16.30, Framhús:
Fram - Haukar

Sun. 22. feb. 19.15, Kaplakriki:
FH - Afturelding

Mið. 3. mar. kl. 19.15, Eyjar:
ÍBV - FH

Körfubolti karla
Fim. 19. feb. kl. 19.15, Njarðvík:
UMFN - Haukar

Fim. 26. feb. kl. 19.15, Ásvellir:
Haukar - Þór Þorl.

Körfubolti kvenna
2. deild:
Sun. 22. feb. kl. 17, Ásvellir:
Haukar - Laugdælir

Íslandsmet Silju

Silja hljóp 200 m á
24,26 sek í Clemens

Silja Úlfarsdóttir, FH setti nýtt glæsilegt Íslandsmet í 200 m hlaupi innanhúss er hún hljóp á 24,26 sek

Það sem gerir hlaupið enn glæsilegra er að hlaupið var á sléttum hring en ekki með hallandi beygjum.



lengst, 3,17 m. FH-ingar voru ekki mjög atkvæðamiklir, einbeyttu sér að mótshaldinu eins og einn FH-ingurinn orðaði það.

13 ára fjölmennastir

Skv. upplýsingum Hagstofunnar eru 13 ára Hafnirfjarðingar fjölmennasti árgangurinn hér í bæ, 409 manns. Á fyrsta ári voru 333 einstaklingar 1. des. sl.

Annars voru 402 10 ára, 400 15 ára, 395 9 ára, 361 36 ára, 358 31 árs, 357 14 ára og 41 árs og 356 voru 3ja ára.



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
520 7500

Bæjarhrauni 10 • Fax 520 7501
hraunhamar@hraunhamar.is

*Við kynnum
að meta
eignina þína!*

Ispan
GLER OG SPEGLAR
54 54 300



Hjallahrauni 13
565 2525
ekki bara pizzur

Vídeótilboð
1 ný spóla og 2 eldri, 1 LTR. af **emmessis**
og 1 poki BRAK
allt á **kr. 990**



**FLATAHRAUNI 5A
SÍMI 555 7030**

Móðirin brást hárrétt við

Hljóp með 3ja mánaða barn út í barnavagn og fór inn og slökkti eldinn

Móðir og 3ja mánaða gamall drengur sluppu vel er kviknaði í á eldavél í gömlu tímberhúsi á Hverfisgötunni. Að sögn konunnar voru þau mæðginin ný komin heim þegar eldur logaði skyndilega á eldavélinni. Klútur hafði lagst út á eldavélinna og einhverra hluta vegna hefði kviknað á eldavélinni sem er með sk. snertitökkum.

Hún hljóp út með drenginn og tróð honum ofaní barnavagn, eins og faðirinn orðaði það og hljóp síðan inn og slökkti eldinn með duftslökkvitæki.

Skemmdir urðu í lágmarki en duft úr slökkvitækinu fór út um allt þar sem það stóð á sér og tæmdist alveg úr því. Slökkviliðið kom fljótt á staðinn og reykkræsti og reykkafari fór inn í húsið til að tryggja að allur eldur væri slökknður. Konan sagðist hafa alist upp við það að vera vel



Litjan: Guðni Grétsson

Slökkviliðsmenn koma fyrir reykblásara og barnavagninn sem drengurinn var settur í sést t.v.

tryggt og hafi það komið sér vel núna en menn frá Tryggingamiðstöðinni hafi komið strax á staðinn og byrjað að þrifa. Einn-

ig vildi hún hvetja alla til að vera með nægilegt af slökkvitækjum og eldvarnarteppi í eldhúsinu en hún var sjálf með tvö dufttæki.



klappað & klært - fj

VIÐ ERUM 1 ÁRS Á BOLLUDAGINN!

Allir krakkar sem
BOLLA pabba
eða mömmu í
bakaríinu fá
fría bolla!!!

Í tilefni af afmæli okkar erum við með meiriháttar
BOLLU-tilboð alla helgina. Líttu við!!!!

- ALLAR BOLLUR Á AÐEINS **200,-**
- **10** STK Á AÐEINS **1.490,-**
- BARNABOLLUR Á **75,-**



Smárabrauð
BAKARÍ KAFFIHÚS

Dalshrauni 13 (hjá Byko) S: 544 5950 Opíð: Mán.-fös. 7-18 - lau-sun. 8-16:00